




Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

25. tbl. Des. 1979



Vér verðum að færa líffræðina út til stjarnanna

Helgi Pétursson

Smástirnið Íkarus

(Sjá forsíðumynd)

Íkarus — eitt af smástirnum sólar.

Á breiðu belt milli Mars og Júpíters gengur mikill fjöldi smástirna um sólu. Svo mikill er fjöldi þeirra að þau eru talin vera margir tugir þúsunda. Flest þeirra eru mjög smá og óregluleg að lögun. Aðeins þrjú smástirnanna eru stærri en 400 km í þvermál. Þau eru: Ceres (1.045 km), Pallas (570 km) og Vesta (540 km) og hafa hnattlögun eins og reikistjörnur, þrátt fyrir smæðina.

Eitt sérkennilegasta smástirnið er Íkarus, einkum vegna þess, að það gengur nær sólu á braut sinni en nokkurt annað, svo vitað sé, jafnvel langt inn fyrir braut Merkúrs, sem er innsta reikistjarna sólhverfisins, í 58 milljón km fjarlægð frá sólu. Þegar Íkarus er næst sólu, er hann í aðeins 27.000.000 km fjarlægð frá henni, en lengst fer hann frá henni 293.000.000 km, eða talsvert út fyrir braut Mars, sem er í 228.000.000 km fjarlægð frá sólu. Íkarus er 409 daga að fara eina hringferð um sólu og hann snýst um sjálfan sig á 80 mínútum. Hitamismunur á Íkarusi hlýtur að vera afar mikill eftir því hvort hann er í sólánánd eða sólfirrð.

Og hraði hans á braut sinni um sólu er mjög misjafn, ákaflega hraður í sólánánd en margfalt hægari í sólfirrð.

Íkarus er ekki hnattlaga, heldur líkist hann ákaflega stórum kletti með óreglulegri lögun, og talið er að þyngd hans sé um 10.000 milljón tonn.

Íkarus fer stundum tiltölulega nálægt jörðu á braut sinni. Og vísindamenn hafa látið sér detta í hug, að í einhverri framtíð yrði unnt að senda eldflaug til móts við Íkarus og koma fyrir á honum vísindalegum mælitækjum, einkum til rannsókna á sólunni þegar hnötturinn er í sólánánd. En á hinn bóginn óttast þeir, að engin mælitæki mundu standast hitageislun sólar, þegar komið væri í náánd hennar í aðeins 27 millj. km fjarlægð frá hinu mikla eldhafi hennar.

Meðfylgjandi teiknimynd á að sýna Íkarus í sólánánd og sést sólín að nokkru bak við hann.

Ingvar Agnarsson.

(Myndin er fengin úr bókinni „The New Challenge of the Stars“, eftir Patrick Moore og David Harly, útg. 1977).

Erindi og greinar

MINNI DAUÐI

Eftir frásögn Sveins Einarssonar í Miðhúsaseli

Á hvítasunnudag vorið 1944 var ég að ganga við lambfé. Veður var hið bezta, hiti og glatt sólskin. En ég var þreyttur, því að um þetta leyti árs verða menn oft að leggja nótt með degi við fjár-

Ég kom heim rétt fyrir hádegið, mataðist í skyndi og ætlaði síðan að reyna að sofna ofurlitla stund og láta lúann líða úr mér. Jafnskjótt og ég var lagstur fyrir, færðist yfir mig einkennilegur dofi. Var hann einkum í hálsvöðvum að aftan og lagði þaðan upp í hnakkann. Aldrei hafði ég fundið til slíks áður.

Nú finnst mér ég leggja aftur augun og sofna. Þegar ég vakna, verður mér litið á klukkuna, sem blasti við mér, og er hún þá fimmtán mínútur gengin í fjögur. Ég ætla að rísa upp, en þá ber að sama brunni og áður. Mér er það um megn vegna dofa í hálsvöðvunum og hnakkanum. Við þessar tilraunir er eins og ég hnigi í einhvern dvala, og um leið finnst mér ég losna við líkamann, og sé ég hann í rúminu fyrir neðan mig.

Á samri stundu virðist mér ég vera staddur uppi á fjalli á ókunnum stað. Þótti mér undarlega við bregða, að þar var dimmt eða hálfrokkið, en á því átti ég ekki von á þessum tíma árs. Grípur mig hræðsla, og sannfærast ég um, að nú sé ég dauður, og hélt ég myrkrið stafa af því, að ég hefði ekki breytt nógu vel í lífinu, og þess vegna hefði mér verið valinn heldur óviðkunnanlegur staður. Fór ég að biðja fyrir mér, því að ég iðraðist illrar breytni minnar, og er svo mikið víst, að slíkra bæna hafði ég aldrei áður beðið. Hugsanir þessar hafa eflaust sprottið af því, sem ég hafði lesið um það, að menn hlytu vist á misjöfnum tilverustigum eftir breytni sinni í lífinu.

Allt í einu fannst mér ég svo kominn á annan stað, án þess að ég gerði mér grein fyrir því, hvernig ég hafði komið þangað. Þetta var múli, sem gekk fram milli tveggja vatnsfalla, afmarkaður djúpum giljum. Hvort sem það var hugarburður eða ei, fannst mér þetta múlinn, sem gengur fram á milli Hrafnkelsdals og Jökulsár á Dal. Ekki er ég þó kunnugur á þessum slóðum, og geri ég mér ekki grein fyrir því, hvernig þessi hugsun varð til.

Þarna sá ég fjárrétt úr timbri og götu eftir fé, sporðahrúgur og bæli. Skammt þaðan í frá sá ég bæ og hvarf þangað. Ekki hafði ég hugmynd um, hvernig ég barst áfram, og þó var líkast sem hugurinn svifi yfir landið. Ég virti nú bæinn fyrir mér, og voru þar þrjár moldarstafnar, hlaðnir úr torfi, og hlöss á túninu sá ég einnig greinilega. Þetta var í dal, en ekki tók ég eftir neinni fjallasýn. Svo var ég snögglega kominn inn í bæ og hitti þar fyrir þrjá menn. Komu þeir mér fyrir sjónir eins og venjulegir, jarðneskir menn og voru eftir útliti að dæma á miðjum aldri. Einn manna þessara er mér minnisstæðastur, og myndi ég enn þekkja hann, hvar sem hann bæri mér fyrir augu. Hann var búlduleitur, fötin úr vaðmáli og sýnilega frá liðinni tíð. Húsið, sem ég kom inn í, var baðstofa með eldhúsi og stofa undir palli, þiljað en fornlegt.

Ég sagði mönnum þessum, hvernig ferðum mínum var háttað og það með að ég væri ekki raunverulegur maður. Kvað ég fáa hafa reynt það, sem fyrir mig hafði komið á þessum degi. Lögðu þeir ekki neitt til þeirra mála, og skildist mér, að þeir litu á mig sem raunverulegan mann.

Þá var það næst, að ég æskti þess, að fleiri væru kvaddir til vitanis um það, sem hér gerðist. Fannst mér ég meina þetta á þann veg, að menn yrðu sóttir á aðra bæi til þess að sjá mig á þessum stað, og vissi ég þó ekki um neina aðra bæi í grenndinni. Fannst mér sem látið væri að vilja mínum og maður sendur af stað þessara erinda. Á meðan ég beið, prófaði ég, hvort ég hefði sömu tilfinningu og áður. Kom ég auga á nálapúða, er í stóðu nalar af alls konar stærðum. Dreifaði ég á þeim fram og aftur, en fann engan mun á þeim við áþreifingu frá því, sem eðlilegt var.

Nú kom sendimaðurinn og maður með honum, og held ég þá yfir þeim dálitla ræðu. Var inntak ræðu minnar á þessa leið: Ef þið komið á Fljótsdalshérað, þá spyrjið eftir manni með mínu nafni og nefnið bæ minn, því að flestir munu kannast við mig. Ekki lögðu mennirnir orð í belg.

Nú vissi ég ekki nein skil á tíma, en fullviss var ég þess, að

ég væri dauður og líkami minn liggjandi heima í rúmi. Lá mér það þyngst á hjarta, hvernig ég gæti komizt hem sem fyrst og áður en ég yrði grafinn. En í þessari andrá tókst ég upp, smaug í gegnum þiljur og þekju án þess að finna fyrir því, og var á samri stundu kominn heim. Vakna ég nú í rúmi mínu og rís upp og verður mér á ný litið á klukkuna. Var hún hálf fjögur og hafði þetta ástand því varað í fimmtán mínútur.

Ég var allhress og kenndi mér einskis meins.

Sumir halda því fram, að mig hafi dreymt þetta. Sjálfur þykist ég þess aftur á móti fullviss, að þetta hafi ekki verið draumur. Mig hefur að sjálfsgöðu oft dreymt eins og flesta aðra, og allir þekkja, að í draumi finnst mönnum það jarðneskur veruleiki, er fyrir þá ber. Þarna virðist mér hafa verið fullkominn aðskilnaður sálar og líkama, og var mér það ljóst allan tímann. Slíkt þekki ég annars ekki út draumum.

Þetta skrifaði ég eftir þeim, er fyrir því varð, Sveini Einarssyni í Miðhúsaseli í Fellum, en eftir minni kynningu af honum er hann maður vel greindur og óljúgfróður.

Halldór Pjetursson.

Athugasemd

Svo skýr og skemmtileg sem þessi frásögn Sveins Einarssonar er, þá sé ég ekki að hún feli í sér neinskonar stuðning við það sem menn hafa kallað „aðskilnað sálar og líkama“, heldur einmitt á hinn veginn. Sveinn er í draumnum annar maður en í vöku, og kemur það meðal annars fram í bænagjörð hans, sem hann tekur fram, að sé ekki eftir sinni venju, og í nálarstungunum sem draumgjafinn finnur fyrir eins og hver annar lifandi maður. En þar sem honum þótti sem hugur sinn svífi yfir landið, hefur óefað verið um að ræða íbúa annars hnattar, sennilega í framlífi, sem kunni þá list að svífa — og þá auðvitað í líkamanum, eins og svo margir sem hafa getað athugað svifdrauma, hafa gert sér grein fyrir.

Þorsteinn Guðjónsson.

FYRIRLESTUR STJÖRNUFRÆÐINGS

í Norræna húsinu 14. 12. 1979.

Það er orðið alltítt, að haldni séu „menningarlegir“ fundir í Reykjavík, þar sem kunnir erlendir fræðimenn flytja erindi og gefinn er kostur á fyrirspurnum og umræðum á eftir. Oft eru slíkir fundir vel sóttir, og ber það vott um áhuga, og efalaust þekkingu einnig meðal Reykvíkinga, og er skemmtilegt til þess að vita. En gallinn á gjöf Njarðar er sá, að fundirnir fara yfirleitt fram á erlendum málum — einkum ensku — og þessvegna kemst íslensk hugsun miklu síður til skila á þessum fundum (ef slík hugsun skyldi nú vera til) en vera mundi ef tunga Ara og Snorra væri hér í meiri metum höfð en er.

Kunningi minn einn hringdi til mín í vinnuna og bauð mér far á einn svona fund í Norræna húsinu, og þáði ég það (14. des. kl. 17.15). Ræðumaður var Tom Gehrels, prófessor í stjörnufræði við Arizonaháskóla, og var engin undantekning frá þeim útlendingum sem bezta framkomu hafa að því leyti, að hann bað um að þýddar yrðu fyrir sig þær fyrirspurnir sem kynnu að koma fram á íslensku eða frá þeim sem ekki væri enskan töm, og fannst mér þetta undireins vera mikil meðmæli með honum, eins og líka hitt að hann leitaðist við að gera framsetningu sína sem einfaldasta og auðskildasta, þannig að sem flestir gætu fylgzt með. Það bar einnig að sama brunnj að í umræðunum á eftir varði hann langmestum tíma til að ræða spurningu sem varðaði líf á öðrum stjörnum og þróun efnasambandanna til lífs. Þetta er því athyglisverðara sem maðurinn er meðal hinna allra hæst settu í geimrannsóknum Bandaríkjanna og yfirmaður Pioneer-áætlana ásamt J. Van Allen.

En hvað var það þá, sem Tom Gehrels hafði að segja okkur? Ég ætla að geta hér nokkurra merkustu atriðanna.

1. Hann sagði að þekking á uppruna sólhverfisins, uppruna lífsins og okkar sjálfra væri undirstöðuatriði og aðalmarkmið allra geimrannsókna. Hann sagði að þau mál hefðu frá æskuldri verið kjarni áhuga síns á vísindalegum efnum.

2. Hann sagði að áhuginn á lífi í alheimi og sambandi við líf á öðrum stjörnum væri afar almennur meðal mennta- og vísindamanna í Bandaríkjunum og víðar.

3. Hann sagði að rannsóknir á uppruna sólhverfisins — sem eru hans sérsvið væru nú svo vel á veg komnar, að fullyrða mætti, að ógrynni sólhverfa, það er þar sem eru jarðstjörnur sambærilegar við jörðina, væri að finna víðsvegar í alheimi. Kenning Kants og Laplaces frá 18. öld hefur sgrað, en kenning Jeans og fleiri frá kreppuárunum, um að hvergi séu jarðstjörnur og hvergi líf nema hér, hefur reynzt haldlaus frá grunni.

4. Hann sagði að vísindamenn leituðust við að koma sínum raunverulegu áhugamálum, um þekkingu, upplýsingu og heimspeki, fyrir í hinu tröllaukna samkeppnis- og baráttukerfi hernaðarlegra og stjórnmálalegra afla.

5. Hann sagði að vottur um lífefnasambönd hefði ekki fundizt við rannsóknir á Titan, fylgihnetti Satúrnusar, en hinsvegar væri tilvist lífrænna efnasambanda í geimryki (insterstellar dust) hin bezta röksemd fyrir þeirri skoðun, að efnið hefði það í sjálfu sér að stefna til lífs.

Prófessor Gehrels sýndi litskyggnur frá Satúrnusi og umhverfi hans, ásamt kvikmynd af för Pioneers 11 inn fyrir hringi jarðstjörnunnar, og vöktu þær óskipta aðdáun áhorfenda, að ég hyg.

Þetta eru nokkur atriði úr erindi Tom Gehrels og úr því sem hann sagði mér því til viðbótar, þegar ég hitti hann daginn eftir.

Ég vil láta í ljós þakklæti til þeirra sem fengu Tom Gehrels til að tala hér, fyrir framtak sitt.

Þorsteinn Guðjónsson.

DRAUMAR OG FJARGEISLAN

I.

Í Tímanum 12. maí sl. (1978) er frásögn um berdreyrna, breska leikkonu, Miriam Karlin. Sagt er þarna að hana dreymi „atburði sem síðan gerast á nákvæmlega sama hátt í raunveruleikanum“. Sem dæmi um berdreymi hennar, er sagt frá draumi, þar sem henni þótti hún vakna við að brotist væri inn í íbúð hennar í London. Hún þóttist í draumnum flýta sér að leynirofa, sem átti að kveikja á ljósum í stofu hennar, ef innbrot ætti sér stað. En rofinn reyndist í ólagi. — Næsta morgun athugaði hún rofann, og fann að hann var óvirkur. Hún lét því gera við hann án tafar. — Nokkru síðar gerðist það, að þjófur braust inn í íbúð hennar.

Saga þessi er sögð í blaðinu, til að sanna, að atburðir gerist í raun „á nákvæmlega sama hátt“ og áður hafði gerst í draumi.

Sannleikurinn er sá, að nær aldrei mun draumur og raunveruleiki standast á í öllum atriðum. Og svo er einnig um þessa sögu, ef að er gætt: Í draumnum kveikti sjálfvirki rofinn ekki ljós, þegar innbrotið var framið, en er innbrot var framið, raunverulega í íbúð leikkonunnar nokkru síðar, var sjálfvirki rofinn hennar kominn í lag, og gat því kveikt aðvörunarljós.

Hér ber því á milli í þýðingarmiklu atriði. Og e. t. v. hefur borið mjög á milli í ýmsum öðrum atriðum draumsins og vökureynslu leikkonunnar, án þess að hún hafi veitt því sérstaka eftirtekt. Var t. d. enginn munur á útliti þjófsins í draumnum og í vökunni? Fór hann eins að við innbrotið? Þess er heldur ekki getið í sögunni, hvort konan var sofandi, er hið raunverulega innbrot var gert hjá henni, og hvort hún vaknaði á sama hátt og henni þótti í draumnum. En þar væri enn veigamikið atriði til íhugunar, ef bera á saman draumreynslu og vökureynslu.

Draumar munu nær aldrei koma fram nákvæmlega eins og þeir voru dreymdir.

II.

Helgi Pjeturss gerði fyrstur manna þá uppgötvun að draumur eins er ævinlega vökulíf einhvers annars. Í draumi skynjum við, það sem einhver annar maður, vakandi, sér og reynir. Frásögnin

hér á undan, ber þess ljósan vott og langar mig til að gera hér tilraun til skýringar:

Í fjarlægum stað vaknar kona upp af svefni við það að þjófur brýst inn í íbúð hennar. Og konu í London dreymir þennan atburð. Fjarsamband hefur komist á milli heila- og taugakerfa þessara tveggja kvenna, annarar vakandi (nývaknaðrar) en hinnar sofandi (í London). Hér er um fjargeislun lífmagns að ræða, sem stafar frá öllum lifandi verum.

Engan dreymir án þess að vera í sambandi við draumgjafa. Draumgjafi getur stundum verið einhver íbúi þessarar jarðar, staddur nær eða fjar draumþeganum, og svo gæti vel verið um drauminn hér á undan. En mjög oft munu draumar stafa af samböndum við menn á öðrum hnöttum, því oft ber fyrir okkur í draumi ýmislegt það, sem ekki getur átt uppruna sinn á okkar jörð.

Kann slík fullyrðing að þykja vafasöm, ýmsum þeim, sem gera sér ljósa grein fyrir hinum miklu fjarlægðum, sem aðskilja stjörnur himins. En hafa ber í huga að geislan lífsins mun vera óendanlega miklu langdrægari og hraðgeislaðri en nokkur þekkt efnisgeislan.

Ingvar Agnarsson

(Birtist í Tímanum 6. 7. 1978).

M Y R —

Úr ljóðum Jóns Þorkelssonar, forna

Enginn gera aptur má
ógerð framin verk.

— — —

Hisþurslausa háttþrýðin,
hnituh mátulega,
fegurst ætíð er.

— — —

Ósköp standa ekki alla daga,
öllu er settur skammturinn.

— — —

Nær mun æðra afl
ganga svo frá gjörðunum
að geiglaust verði tafl.

FRÁ JÖRÐ TIL JARÐAR

Hvernig á að koma vitneskju til annarra hnatta — það er til stjarnfræðilegra nágranna á líku þróunarstigi og Jarðarmenn eru? Svarið er einfalt: fyrst og fremst með því að ásetja sér það. Ásetningurinn sjálfur, ásamt nokkrum skilningi á möguleikunum, leiðir af sér árangurinn. Það að Pál Steinarsson dreymdi, rétt eftir að greinin „Til nálægs sólhverfis“ kom út, að hann væri að gera tilraun til að tala þannig til annars frumlífshnattar — það er að draumgjafi hans var að tala, sá sem jafnframt vissi til hnattar á fullkornunarleið og að lokum var einnig draumgjafi Páls — þetta er hinn gleggsti vottur þess, að leiðin er fær. Til frekari styrkingar þeirri skoðun að leiðin sé fær, er það sem fram kemur í bók þeirri sem eðlisfræðingurinn Russell Targ gaf mér á ráðstefnu þeirra eðlisfræðinganna í Reykjavík í nóv. '77, en þar segja þeir Harold Puthoff frá fjarskynjunartilraunum sínum sem *aldrei mistakast* (e. t. v. vegna þeirrar virðingar, sem þeir báðir njóta sem vísindamenn — stilliáhrif). Targ hefur viðtakanda í dimmu einangrunarherbergi, en á meðan fer Puthoff akandi eitthvað út í buskann, og lætur sjálfvirka vél ákvarða staðinn, sem hann fer að skoða. Þangað kominn fer Puthoff að njóta útsýnisins, og hugsar ekkert um að „senda“. En tilraunatíminn er hinn sami hjá báðum, og þegar Targ fer að spyrja manninn í dimma herberginu, hvað það sé, sem hinn hefur fyrir augunum, þá fást hér um bil alltaf rétt svör, og er athyglisvert, að við þessar tilraunir hafa þeir enduruppgötvað rangþýðingalögmálið. Annað athyglisvert er það, að þegar einhverjir koma til að rengja tilraunir þeirra, þá bjóða þeir þeim þátttöku í tilrauninni, og ná rengingamennirnir þá oftast góðum árangri — og verða hreyknir af! Þessi aðferð hefur haft hina mestu þýðingu fyrir framgang þeirra félaga.

Nú vikur sögunni að fjarsamböndum við aðra hnetti. Pál dreymdi, að hann væri að tala til tveggja átta: annars vegar til herra fullkornunarstigs, hinsvegar til frumlífsstigs með líku ástandi og hans. Í þriðja lagi var þessi fjartalandi draumgjafi Páls sjálfs og sjáum við þannig fram á að minnsta kosti þrjár lífgeisla-leiðir frá sama geranda. Það er ekki lítið atriði að frumlífsmenn geta gerzt slíkir gerendur, þegar þeir hafa þekkingu til að bera, og vilja til frumkvæðis. Þegar við förum nú að senda svona héðan af jörð — undir leiðsögn hinna lengra komnu, því það verður alltaf að vera — þá er það fyrsta spurningin: hvað á að senda?

Svarið hlýtur að vera: vitneskju um ástand okkar sem sendum, ástand mannkyns okkar og okkar sjálfra. Og hér hafa þeir sem aðhyllast skilning Nýals mikilvægu hlutverki að gegna: Með stjörnusambandsskilningi skapast möguleikar til sendingar, ekki aðeins skynjana eins og þeir Targ og Puthoff koma til leiðar, heldur einnig skynsamlegrar vitneskju um ástand og horfur hér á jörð. Eitt af því sem ástæða er til að senda núna er vitneskja um hina nýafstöðnu ráðstefnu. Hinir 41 erlendu ráðstefnugestir urðu allir fyrir djúpum áhrifum af dvöl sinni hér, og þeir geta borið þau áhrif víða með sér, til hagsbóta fyrir mannkynið. Þeir eru sendimenn Nýals á þessari jörð, og þannig ber okkur að hugsa til þeirra.

Ritað um áramótin 1977—'78, en hefur legið óprentað síðan, af einhverri tilviljun. Bók um ráðstefnuna er nýkomin út erlendis, og mun ég geta um hana síðar.

P. G.

SAMBANDS-VIÐTAL VIÐ ÁRNA ÓLA

Sælt er að búa hér í helgum höfnum, þar sem ég fékk góðar viðtökur. Mér var færður upplýsandi kíkir, sem ég sé með til flestra stjarna. Hann er mér úthlutaður fyrir starf mitt í jarðheimi.

Það eru margir verustaðir hér, en ekki allir bjartir. Hér eru margir hjálparhópar að taka á móti hrelldum sálum úr jarðheimi. Fólk'ð þarf að vera betur undirbúið, því að dauðastund kemur fljótt. Verið betur vakandi fyrir því að eilíft líf bíður ykkar. Því eftir því sem maðurinn sáir betur, mun uppskeran verða betri.

Í fylgi mínu ég fel þau ráð
þið finnið það í orðum mínum
að bjargföst trú er blómum stráð
er blómstra vel í ranni þínum.

Ég fæ að starfa áfram með orku og ljósmagni til ykkar vinir mínir, — allir sem eitt. Við áminnum ykkur, takið eftir: við viljum brúa fenin (græða sárin?) á jörðu ykkar. Mannhatur og hroki grandar lifandi sál. Gætið að að gera rétt, göfugir menn og konur. Hafið í stafni heiðursfund, og haldið á brattar leiðir, þá gefst ykkur þar gleðistund, sem ljósum yfir breiðir. — Lifið heil.

*Sigurrós Jóhannsdóttir,
ritaði eftir sambandsfund.*

YFIR HRAUNDRANGA

Meira en trúlegt þykir mér, að Halldór Kristjánsson hafi rétt fyrir sér, þar sem hann í grein sinni, „*Skin bak við ský*“, sem birtist í dagblaðinu „Tíminn“ 10. jan. sl., segir *Kvæðafylgsmi* Hannesar Péturssonar vera merkisbók. Væri slíkt ekki nema í samræmi við það, hve ágæta bók Hannes skrifaði um Steingrím skáld Thorsteinsson fyrir nokkrum árum. En varðandi það, sem Halldór segist vera Hannesi sammála um, að ljóð sitt *Ferðalok* hafi Jónas Hallgrímsson ekki ort fyrir en á síðustu dögum sínum, virðist mér Tómas skáld Guðmundsson vera á öðru máli. „... en það (ljóðið) er til orðið eftir ferðalag úr skóla, norður heiðar og heim í Öxnadal vorið 1828 og hét þá *Ástin mín* og seinna *Gömul saga*“, segir Tómas í ritgerð, sem prentuð er framan við útgáfu á ritsafni Jónasar 1971. En er nú ekki hugsanlegt að láta sjálfa ástarstjörnuna skera hér úr? Hafi hún sem kvöldstjarna verið mjög hátt á lofti sumarið og haustið eftir að samfylgd þeirra Jónasar og Þóru Gunnarsdóttur átti sér stað, en að því ætti að mega komast, þá þætti mér þar vera góður stuðningur við þetta, sem Tómas heldur þarna fram. Reyndi ég að nokkru að gera grein fyrir þessu varðandi kvöldstjörnuna, er ég síðsumars fyrir nokkrum árum átti leið um Öxnadal, og varð mér þá ljóst, að einmitt frá Steinsstöðum getur hana borið yfir Hraundranga, þegar hún fer sem hst, verður „pólhverf“, sem stöku sinnum á sér stað. Man ég, hve eðlilegt mér fannst, þegar ég var að athuga þetta um leið og bíllinn bar mig þarna hjá, að ljóðið hefði í aðaldráttum, eða a. m. k. fyrsta erindi þess, orðið þarna til eitthvert kvöld, þegar ský skýldu stjörnunni, þar sem hún nokkru áður hafði hlegið í heiði yfir Hraundranga. Að hafa einhverntíma síðar farið að segja um þetta það, sem ekki var, finnst mér að verið hafi fjarri skáldinu og náttúrufrðingnum Jónasi Hallgrímssyni. Til þess held ég hann hafa verið um of raunsögulan.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

HUGSANA-AFLSVÆÐI UM LYKUR JÖRÐINA

Er hugarvaldsins voldug öld oss nær?
— Einar Benediktsson.

Sambönd þau sem mennirnir hafa sín á milli, ráðast ekki eingöngu af því sem sjón og heyrn og mál bera frá einum til annars heldur einnig og á sérstakan hátt af þeim ófullgerðu og ómeðvituðu hugsunum sem hver einstaklingur geislar að meira eða minna leyti frá sér og tekur við frá öðrum.

Hugsana-áhrif (telepatí) eru því eiginlega ekki nein óvenjuleg fyrirbæri, enda þótt þau gerast hjá flestum á þann hátt að þeir taka ekki eftir þeim. Samkvæmt þessu hafa líka allar þær vísindalegu tilraunir sem gerðar hafa verið á hugsana-fjaráhrifum eða „fjarsamböndum“ leitt í ljós, að hæfileikarnir í þessa átt, bæði til að „senda“ og að „taka við“ búa með hverjum einasta manni, og að hægt er að þroska þá að vissu marki.

Í raun og veru er hver maður einskonar lifandi aflsvæði, sem vekur út frá sér alhliða hugar-fjarhrif, er hugsana-sendistöð, og ekki aðeins það, heldur er hann miðdepill hugarsveiflna, tilfinninga og viljaskeyta annarra lifandi vera, eða með öðrum orðum: hugsana-viðtæki. Venjulega gerast þó þessi fyrirbæri án þess að hlutaðeigandi geri sér grein fyrir því.

Allt eins og í útvarpsfræðinni (radíó) er talað um öldur, sveiflur og geislanir, má tala um þetta í sambandi við hugsendingar. En þar sem hugaröldur eru, er auðsjáanlega um að ræða orkugeislun á hærra stigi, sem er svo næm og fíngerð að ekki verður mælt á þau mælitæki sem enn eru fyrir hendi. Engu að síður er hægt að framkalla þessar verkanir, og í því sambandi hefur fjarlægðin ekkert að segja.

Allar þær tilraunir sem gerðar hafa verið á þessu sviði, benda til þess að hæfileikinn til fjarhrifa, eða skynjunar og upplýsingamiðlunar án skynvita muni í framtíðinni eiga vaxandi hlutverki að gegna.

Alfred-Richard Walther
(þýtt úr NEUES DENKEN,
sept. 1979 af P. G.).

LÍFSTEFNU-VIÐBURÐUR

Til mín hringir Nýalssinni í einni af austursveitum að ræða sérstakt mál, en áður en varir erum við farnir að tala um heimspeki, og þá hefjast símatruflanirnar. Menn halda að síminn sé ekkert annað en áhald, sem er annaðhvort í lagi eða ekki í lagi, en það er nú öðru nær. Fátt er eins viðkvæmt fyrir hugarfari og hugaráhrifum og síminn. Þegar góð samstilling er milli viðtalenda, heyrir vel, en þegar á það vantar heyrir verr eða rofnar. Í þetta skipti var að vísu mjög góð samstilling milli okkar viðtalenda, en við vorum að tala um efni sem hið almenna aflsvæði er ekki of fúst að leyfa. Þrisvar sinnum rofnaði sambandið, og auk þess sagði viðtalandinn mér hlējandi að ekki væri nóg með þetta, heldur væri símastúlkan í miðstöðinni í kaupstaðnum farin að kvarta undan því á milli að allt samband við hreppinn hans væri á þessari stundu að ganga úr skorðum: aukahringingar o. fl. á ýmsum bæjum.

Hvað var það þá sem við „máttum ekki tala um“? Það var m. a. þetta:

Svo hefur *talið* sagt að undanfögnu, að þrátt fyrir allar tafir og mistök séu þeir í hinum betri stöðum enn ekki uppgefnir á viðleitni sinni. Það sem áunnist hefur er þetta: Skilningur á sambandinu hefur breiðst nokkuð út á hinum ófullkomnu frumlífsjörðum. Þar hafa vaknað hreyfingar, ófullkomnar og misteknar að vísu víða en engu að síður hreyfingar og í þennan efnivið yrkja guðirnir nú hin nýju kvæði, og eru lögin þó lághljóma mjög í fyrstu. Nú segir viðtalandi mér þennan draum: Hann þóttist vera á ferð ásamt tveim eða þrem öðrum á tiltekinn stað, þangað sem þeir áttu erindi, og verður þeim þá litið í vestur, og er þar tungl, ekki hátt á lofti. Brátt kemur í ljós við hlið þess tungls, ljóshnöttur nokkur sem birtist og verður skær, og hyggja þeir nú að guð muni vera eða íbúi annars hnattar að koma í heimsókn. Í draumnum þykist sögumaður minn muna að líkur atburður hafi gerzt nokkrum dögum fyrr, og hefur orð á því við hina, að þetta sé nú að koma aftur. En þeir taka því treglega og segjast ekki mega vera að, að sinna þessu. Sýnin færir nær og jafnframt því sem ljóshnötturinn dofna sjá þeir mannsmynd greinilega í loftinu. Sögu-

maður sér nú að þetta muni stefna yfir þá féлага og framhjá þeim og þegar þetta er í svo sem 200 metra hæð frá þeim veifar maðurinn í loftinu til hans en hann veifar á móti en félagarnir ekki. Sýnin heldur áfram í austur og hverfur þar, en þeir halda áfram göngunni. Innan skamms fara hinir að tala um að þetta sé einhver blekking, og tína til ýmislegt sem sögumanni þykir fráleitt, en segir þó ekkert við því og lýkur þar draumnum.

Hvað var þarna að gerast? Mér virðist miklar líkur til þess að draumgjafinn, frumlífsmaður á öðrum hnetti, hafi verið maður sem skildi þessa hluti. Það er mergurinn málsins að þetta gerist á frumlífshnetti, þar sem sumir eru farnir að skilja en aðrir ekki, rétt eins og hér. Þessvegna er svo áriðandi að treysta þennan þráð. Það er mjög þýðingarmikið þessum manni að honum haldist vel á sýn sinni og geti sagt frá henni öðrum sem skilja, þeim sem þar af leiðandi meta hann meira fyrir sýnina en ekki á hinn veginn. Afsvæði hans eflist og batnar við það að hann fær traust. Og hið sama var að gerast hjá draumþega hans, viðtalanda mínum. Hann var að bæta sitt afsvæði með því að segja mér drauminn. En eins og nærri má geta var slíkt ekki í samræmi við heildarafsvæðið hér. Áhrif þess risu gegn þessum nýja aflvaka, og þaðan stöfuðu símatruflanirnar. En það gerði ekki til því við lukum samtalinu vel og fróðlega. Guð kom í heimsókn á hinum hnettinum og fréttin af þeim heims-sigri er nú komin hingað til jarðar.

Þorsteinn Guðjónsson.

DRAUMAR Í HEIMSFRETTUM

„Komu Messíasar spáð,“ segir í forsíðufyrirsögn Morgunblaðsins 4. jan. sl. og eru þar þrír yfirprestar gyðinga í Jerúsalem bornir fyrir sama eða líkum draumi. Efni hans á að vera það, að í apríl n.k. verði naumlega komist hjá kjarnorkustyrjöld, en síðan hefjist þúsundaráríki. Einnig er þess getið að „kabbalistar“ (dulrænumenn) Gyðinga hafi þótt sjá merki um komu Messíasar í eitt ár og að fótatak hans hafi heyrst. Koma þessar fréttir nokkuð heim og saman við það sem sagt hefur verið frá um Mahdistauppreisnina í Mekka í Saudi Arabíu í nóvember sl., því að sú uppreisn byggðist á Messíasareftirvæntingum, skyldum þeim sem Gyðingar bera í brjósti, þó að trúin sé önnur. Einnig kemur þetta heim við það að bresk-ísraélítar eru farnir að gefa út rit Adams Rutherfords, merkilegasta rithöfundar síns. En spádómur Rutherfords var einmitt Messíasarspádómur, ef grannt er skoðað, og beinist til Íslands meir en Ísraels eins og kunnugt er. Hef ég séð nýprentaða bók eftir Rutherford í bókabúð, en ekkert hefur verið skrifað um hana hér og læt ég ógert að giska á ástæður til þess.

Annars er það tímanna tákn út af fyrir sig að heimsfréttastofur eins og AP skuli vera farnar að segja frá draumum manna — og það þótt rabbíar eigi í hlut. Má vera að rannsóknir á fyrirburðadraumum eins og þær sem stundaðar hafa verið í seinni tíð hafi átt þátt sinn í að gera þetta mögulegt. Samkvæmt einni skýringu á eðli drauma endurspeglar þeir líf sem í raun og veru er samtímis að gerast annars staðar, oft á öðrum jarðstjörnum himingeimsins. Væri þá drauma rabbianna að rekja til hnatta þar sem Messíasar eru þegar farnir að koma fram, samfara mikilli styrjaldarhættu og væri atburðarásin þar þá skyld en heldur á undan því sem hér er. Ef svo er þá mætti búast við að áður en árið 1980 er á enda, verði fleiri Messíasar farnir að láta til sín heyra hér en þegar hefur orðið vart við.

Hitt þarf varla að taka fram að væri sú draumakenning rétt, sem Áslaug Ragnars styðst við í þrettán dálka grein sinni með stríðslettri um fröken Pappenheim (Anna O. — Mbl. 6. janúar) undirvitundarkenningin — þá hefðu draumar eins og þeir sem

rabbíana dreymdi alls ekkert gildi nema sem upplýsingar um þá sjálfa. Og vera má að ýmsir séu á þeirri skoðun að svo sé enn þann dag í dag.

(*Mbl.* 8/1 1980).

Þorsteinn Guðjónsson.

HAFNING HINNAR LÁGU VERU

„Hið lága getur ekki, af eigin hvötum eða af eigin rammleik teigt sig í átt til hinnar æðstu veru, en hin æðsta vera getur lotið niður að hinu lægsta til að hefja það á hærra stig, en við þessa lútan missir hin æðsta vera nokkuð af mætti sínum, svo henni gengur hægt og erfiðlega að upphefja hið lægsta á hærra stig, uns það hefur náð þeim eim þroska og því viti, sem með þarf, til þess að taka undir með hinnri æðstu veru, vitandi vits. En eftir að því viti og þeim undirtektum hefur verið náð, þarf ekki að líða á löngu, þar til algjör stefnubreyting getur hafist, á hnetti hinnar lágþroska veru, sem til þess tíma, hefur ekki þekkt hlutverk sitt, en lífað í algjöru stefnuleysi eða þá stefnt í vítisátt.

Hvenær vitkast hin lága vera, maðurinn, nægilega til að geta tekið undir með hinnri æðstu veru, svo að björgun gæti orðið?

Hversu lengi á þjáð mannkyn enn að bíða eftir dögum hins nýja heimsskilnings?

Eða er þegar farið að rofa til í þessum efnum, þrátt fyrir allt?

Ingvar Agnarsson

(*Mbl.* 19/7 1978).

FORGANGA ÍSLENSKRAR ÞJÓÐAR Í LÍFSAMBANDSMÁLUM

Helgi Pjeturss kvað það vera hlutverk íslensku þjóðarinnar, að leiða mannkyn jarðar okkar til skilnings á sambandseðli lífsins, o gþar með stuðla að björgun mannkynsins. Hann uppgötvaði fyrstur manna að sambandseðli þess er altækt. Allar lífandi verur hafa með nokkrum hætti samband sín á milli o ghafa þar með áhrif hver á aðra. O gþetta samband nær ekki aðeins á milli lífvera þessa hnattar, heldur einig á milli allra lífvera allra hnatta í öllum alheimi. Þetta er hið mikla samband lífsins. Svo víðfeðmt er sambandseðli þess.

Og hver áhrif hefur nú þetta altæka samband lífsins á líf okkar jarðarbúa? Frá mismunandi lífstöðvum á óteljandi hnöttum alheimsins berast okkur jarðarbúum áhrif, sum afmagnandi og spillandi en önnur magnandi og vitkandi.

Allir þyrftu að vita um þessi áhrif. Vitandi vits ættum við að leita sambanda við háþroskaverur, sem á öðrum hnöttum búa. Vita skyldum við, að aðeins með bættum lífsamböndum við slíkar verur er að vænta þeirrar hjálpar, sem duga mætti til að breyta hér um stefnu. Það dylst engum hugsandi manni að ástand heimsins í heild fer versnandi og stefnir í algjöra ófæru, ef svo heldur sem horfir. Stórum bætt sambönd við lengra komna íbúa annarra stjarna mundi vera eina leiðin til bjargar.

Íslendingar hafa alla möguleika á, að verða hér forgönguþjóð.

Hér gæti orðið það upphaf, sem dygði til þeirrar breytingar, sem óhjákvæmileg er til farsællar framtíðar Íslendinga og allra annarra jarðarbúa.

Án aðsendrar hjálpar lengra kominna vina er ekki að vænta þeirrar breytingar, sem duga mun til bjargar. Sem flestir Íslendingar og helst þjóðin öll þarf að skilja þessa möguleika og hafa vilja á að hagnýta þá.

Efling æðri lífsambanda er hið eina, sem leyst gæti hin margháttuðu vandamál jarðar okkar.

Ingvar Agnarsson (Mbl. 20/1 1977).

PRESTUR SKÍRIR HULDUFÓLKSBARN

Séra Eyjólfur Jónsson, f. 1841, d. 1909, var prestur að Mosfelli í Grímsnesi í tvö ár, 1883—1885.

Séra Eyjólfur fluttist að Mosfelli vestan frá Melgraseyri við Ísafjörð og kom því í hið nýja kall sitt öllum ókunnugur. Hann var talinn klerkur góður, raddmaður ágætur og snjall predikari, en drykkfelldur nokkuð. Var hann þó sæmilega látinn, er hann var á Mosfelli. Hann var heldur fátækur maður, enda með nokkuð stóra fjölskyldu. Þá voru harðindaár mikil hér á landi.

Gamall bær var á Mosfelli um þetta leyti og svo niðurníddur, að hann þurfti brátt að endurbyggjast, en prestur treysti sér ekki að ráðast í þann kostnað. Fyrir þá sök sótti hann um Árnes á Ströndum og flutti þangað eftir tveggja ára dvöl á Mosfelli. Var hans þá af mörgum saknað í Grímsnesinu, því að hann naut þar hylli, þegar fólk kynntist honum. Í Árnesi var hann svo prestur til æviloka.

Það bar til tíðinda, þegar Eyjólfur prestur embættaði í fyrsta sinn að Mosfelli, að hann var beðinn um að skíra barn. Framkvæmdi hann skírnina á milli pistils og guðspjalls, eins og lengi hefur verið siður, þegar börn eru skírð við messu. Fór sú athöfn fram með venjulegum hætti og var ekkert sögulegt við það. Að skírnarathöfninni lokinni steig prestur í stólinn og flutti predikun sína. En er henni var lokið, gerðist sá atburður í kirkjunni, að söfnuðurinn hugði klerk naumast vera með heilum sönsu.

Hann gekk að skírnarskálinni, þar sem hún stóð við gráturarnar og hóf á ný að lesa skírnartextann úr handbók sinni. Viðhafði hann nú alla tilburði eins og hann væri að skíra barn. Brá hann upp hendi, gerði krossmark og spurði hvað barnið ætti að heita, nefndi hann nafn barnsins, Droplaug, og kvaðst skíra það í nafni heilagrar þrenningar. Að þessu loknu blessaði klerkur yfir söfnuðinn og var síðan sunginn útgöngusálmur.

Er messu var lokið, gengu meðhjálpari og fleiri sóknarbændur fyrir prest og inntu hann eftir hverju sætti um atferli hans, sem söfnuðurinn hefði orðið vitni að. Verður honum í fyrstu nokkuð hverft við, en gaf síðan þá skýringu, sem nú verður frá sagt.

Þegar hann var að enda predikun sína, gekk inn kirkjugólfið kona ein, fyrirmannleg, og bar hún barn á handlegg sér. Staðnæmdist hún við skírnarskálina og gaf klerki merki um að hún vildi fá barnið skírt. Þar stóð hún, unz prestur hafði lokið skírnar-

athöfninni. Þá hneigði hún sig kurteislega, skundaði fram kirkju-
gólfið og hvarf í mannfjöldann frammi við dyrnar.

Eins og fyrr getur var prestur nýfluttur á staðinn og þekkti því
naumast nokkurn mann af söfnuðinum. En svo lýsti hann konu
þessari, að enginn bar kennsl á hana. Var margt um þetta skrafað
í sókninni og hölluðust flestir að því, að hinn nýi klerkur þeirra
myndi vera eitthvað varhugaverður og báru menn nokkurn ugg
í brjósti út af því.

En nóttina eftir þennan atburð dreymdi Eyjólf prest draum,
er hann sagði heimilisfólki sínu um morguninn. Þótti honum kona
sú hin ókunna koma til sín, er hann hafði skírt barnið fyrir. Hún
þakkaði klerki innilega barnsskírningina. Þóttist prestur þá inna hana
eftir, hvaðan hún væri úr sókninni. Sagði hún þá, að skammt væri
á milli bústaða þeirra, hún væri huldukona og byggi í Álfasteini,
sem væri þar niðri í túninu. En að hún hefði leitað til hans með
skírningina, hefði komið til af því, að hennar prestur væri sjúkur
og að dauða kominn. Og með sönnun og staðfestu orða sinna bað
hún Eyjólf prest að ganga út í kirkjuna og þiggja af sér það, er
lægi á altarinu. Væru það launin fyrir, að hann hefði sinnt beiðni
sínni umsvifalaust.

Eyjólfur klerkur gekk nú til kirkju og hugaði að hvers hann
yrði vísari. Lá þá á altarinu samanbrotinn, dökkur dúkur, af for-
látavönduðu „dönsku klæði“. Úr þessu efni lét klerkur sauma sér
alfatnað. Þótti honum það koma sér í góðar þarfir, því að fremur
var hann fatasnauður.

Álfasteinn sá, sem konan nefndi, er niðri í túninu að Mosfelli.
Að sunnanverðu er hann sem húsveggur, nær meðalmanni á hæð,
að ofan grasigróinn, með aflíðandi halla niður til jarðar, er myndar
eins og lága brekku. Á þessum stað hvíla ævaforin álög. Samkvæmt
gamalli trú má aldrei slá þekjuna á Álfasteini, aðeins má slá upp
að brekkunni. Ef út af þessu var brugðið, drapst ævinlega bezta
kýrin á Mosfelli. Hafa jafnan allir prestar, sem Mosfell hafa setið,
verið varaðir við þessum álögum, er þeir hafa flutt þangað.

Út af fyrirmælum þessum var þó einstöku sinnum brugðið, en
oftast var það þó óviljandi eða skorti á vitneskju um álögin á
Álfasteini.

En ef svo var gert, brást ekki, að þá stóðu álögin ávallt við sín
fornu fyrirheit, bezta kýrin á staðnum fannst steindauð að kveldi.

Handrit Skúla Helgasonar,

Óðinsgötu 26, Reykjavík.

LEIT AÐ HROSSUM

Þegar ég var á tíunda ári, átti ég heima að Þórunúpi í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu. Kom þá það fyrir einu sinni sem oftar, að þar átti að halda hrossamarkað og skyldi markaðurinn haldinn snemma sumars. Var þá smalað saman öllum hrossum í sveitinni á ákveðnum degi og þau rekin í rétt eða aðra geymslu að kvöldi.

Að þessu sinni var mér falið að smala hrossunum frá heimili mínu til réttarinnar og var mér bent á, hvar þeirra væri helzt að leita. Ég fór snemma á fætur um morguninn, líklega um klukkan fjögur, og leitaði um landareignina samkvæmt því, sem mér hafði verið sagt, en ekki fann ég hrossin. Ég var gangandi og allmikið farin að þreytast og leit því helzt út fyrir að ég yrði að gefast upp og fara heim við svo búið, án þess að finna hrossin. Þá birtist mér allt í einu ókunnur maður, maður, sem ég hafði aldrei séð fyrr og vissi ekki til að heima ætti í sveitinni. Hann hafði tvo hesta til reiðar, jarpan hest, sem hann sat, og annan rauðan, sem hann teymdi.

Ég spurði hann, hvort hann hefði séð hrossin, sem ég var að leita að. Jú, hann kvað svo vera.

„Þú hefur víst oftar en einu sinni gengið fram hjá þeim í dag, þó að þú hafir ekki séð þau. Þau liggja í dæld herna skammt frá, ég skal vísa þér á þau. Farðu á bak rauða hestinum, en ég þori ekki að láta þig hafa tauminn, því að þá getur hann hlaupið með þig heim á hlað og við það gæti þér brugðið.“

Svo reið hann á undan á þeim jarpa og teymdi þann rauða undir mér, þangað sem hrossin voru. Þar skipti ég um reiðskjóta og skildi við hinn ókunna hjálpsama mann, eftir að hafa þakkað honum fyrir aðstoð hans. Ég fylgdist með ferð hans eftir að hann kvaddi mig og sá ég, hvar hann fór yfir Vatnsdalslæk og norður götuna við Skjólhól og Gröf. Þar er steinn einn mikill, líkur kirkju í laginu og á honum er krossmark. Á meðan við fylgdumst að, ætlaði ég hvað eftir annað að spyrja hann að heiti eða hvaðan hann væri, en ég komst aldrei að með það, því að hann var sífellt talandi um eitt og annað, en þó mest um heimili mitt að Þórunúpi. Um það virtist hann vel fróður og vita allt mögulegt. Hann sagði m. a., að ég þyrfti ekki að flýta mér heim með hrossin, því að

stóðið væri þegar farið af stað til Reykjavíkur og folinn, sem með þeim væri, en hefði átt að fara núna, yrði að bíða næsta markaðar.

Aldrei hef ég séð þennan mann síðan og enginn á heimili mínu kannaðist við hann. Það var haldið uppi spurnum um hann í sveitinni, en hvergi hafði hans orðið vart og enginn kannaðist við að hafa hjálpað mér við að finna hrossin.

Ég tel mig ekki geta gefið nánari lýsingu á honum en þessa: Hann var rúmlega í meðallagi hár, þrekinn og herðabreiður, föt hans voru úr mókembdu efni og fóru vel, og hann hafði hatt á höfði. Af mönnum, sem ég þekki, fannst mér Arnþór í Teigi líkastur þessum dularfulla hjálparmanni mínum.

*Frásögn Sigríðar Jónsdóttur,
Heimagötu 28, Vestmannaeyjum.*

TIL LESENDA

Hér er fimmta og síðasta hefti Lífgeisla fyrir árið 1979. Því miður hefur ýmislegt orðið til þess að seinka fyrir útkomu síðustu hefta ársins. En vonir standa til, að betur rætist úr með næsta árgang.

Enn sem fyrr vill ritstjórnin beina þeim óskum til allra lesenda ritsins, að þeir reyni að afla því fleiri áskrifenda, því á því veltur mikið um framhald útgáfunnar.

Ennfremur óskum við enn eftir efni í blaðið frá sem flestum, svo betur gæti það orðið úr garði gert og fjölbreyttara.

Munið að tilkynna bústaðaskipti, svo blaðið geti komið til skila.

Gíróseðlar voru sendir út í nóvember, til innheimtu á árgjaldi fyrir 1979, og hafa langflestir gert skil, en þó eru fáeinar undantekningar, og viljum við óska eftir, að þeir bæti þar um sem fyrst, ef efni og ástæður leyfa.

Þá eru nokkrir, sem sent hafa hærrí greiðslur en til er ætlast, og viljum við hér með þakka þeim sérstaklega.

Svo þökkum við ánægjuleg samskipti á liðnu ári og óskum lesendum alls góðs á árinu 1980.

Ritstjórnin.

NYALL

Ráðinna raka
rimum studdan,
reistír þú stigann til stjarna.
Viti, er sér vonar.
veg-gegnt þangað,
beinir þú styrkustu stöfum.

Voldugar, viðsjálar
véfréttir gamlar,
drotna í musterum manna,
Örlög sín inna,
aðsyrjendum,
tvíræðum ævintýrum.

Hlægir mig, Helgi:
himinbrú þín,
er lögð yfir sterkari stólpa.
Vit sem vogar sér,
vandför þangað,
þinnar leiðar mun leita.

Hugsýnir háar
heilla af tungu,
fegurri orð en áður —
Hlægir mig, Helgi,
að Hávamál ið stærra,
er orkt af Íslendingi!

— Veit eg að vettugi
virða myndir,
fávíss fagurgala —
En þigðu þakkir,
þess er vel naut!
Þó vant sé þinnar vissu.

*Stephan G. Stephansson. F. 1853 —
D. 1927. (Andvökur 1923).*

Draumar

Halastjörnurnar þrjár — Draumur

I.

Úti þóttist ég standa í myrkri. Leit ég til himins og sá þrjár halastjörnurnar eigi allhátt ofan v'ð sjóndeildarhring. Bjartar voru þær og fagraar á að sjá. Þær voru í beinni línu, hlið við hlið. Haus þeirra eða kjarni snéri niður, en halinn stefndi nokkuð á ská, til vinstri, upp á við. Ekki tók ég eftir neinum stjörnum á þessu svæði himins. Yfirborð jarðar var lárétt í þessa átt og mjög dökkt en himinninn niður undir henni eilítið ljósari og bláleitur svo að vel sáust skilin milli himins og jarðar. Ég horfði um stund á halastjörnurnar og heillaðist af fegurð þeirra.

Svo hljóp ég smáspöl að húsi einu nálægu og kallaði: „Komið og sjáið halastjörnurnar“. Maður kom út, og ég bentí honum í hvaða átt hann skyldi horfa. En þá voru þær horfnar að mestu. Ský hafði dregið fyrir þær. Aðeins meiri hlutinn af einni þeirra og efsti hlutinn af annarri sást enn.


Hér endaði draumurinn og sýnin hvarf.

II.

Draumur þessi mun vera samtíma atburður frá einhverri byggðri jarðstjörnu í öðru sólhverfi. Draumgjafi minn, sá er draumurinn stafar frá, hefur á þessari stundu, sem mig var að dreyma, litið augum þá himinsýn, sem frá var sagt hér að ofan.

Áreiðanlega hefur draumur þessi ekki átt uppruna sinn héðan af jörðu. Aldrei hef ég heyrt um að margar halastjörnurnar fylgist að í okkar sólhverfi. Og öruggt er, að engar slíkar halastjörnurnar eru nú hér á ferð eða sjáanlegar frá okkar jörðu, og síst af öllu þrjár saman.

Allt bendir því til, að draumsýn þessi eigi rót að rekja til sambands við einhvern sýngjafa á öðrum hnetti í fjarlægu sólhverfi, þar sem svo hagar til, sem í draumnum bar mér fyrir augu.



Hinar draumséðu halastjörnur.

III.

Skemmtileg atburðarás. — Stilliáhrif.

Stundum má rekja drauma til stilliáhrifa frá ákveðnum mönnum, einum eða fleirum, og finnst mér ekki ólíklegt, að slík áhrif hafi að einhverju leyti leitt til þess draumasambands, sem undanfarandi draumur er af sprottinn.

Daginn áður höguðu atvikin því svo til, að samband varð milli mín og nokkurra vina og félaga, sem tengdir eru málefnum hinnar nýölsku stefnu:

1. Þorbjörn Ásgeirsson á Akureyri, hringdi til mín fyrir hádegisdag og áttum við saman alllanga samræðu.

2. Símtal átti ég við hjónin Halldór Pjetursson rithöfund, og konu hans Svövu Jónsdóttur, en þau hugsa bæði til stjarnanna og um framlífið.

3. Þá rakst ég á Halldór Laxdal á opinberri skrifstofu og átti tal við hann.

4. Símtal átti ég við Þorstein Guðjónsson.

5. Póstkort barst mér í hendur frá H. M. Maitzen, stjörnufræðingi í Vín, Austurríki, með fagurri litmynd af Trifid. og Lagun-geimpökunum.

6. Og rétt fyrir háttatíma hringdi til mín Bjarni Bjarnason, Brekkubæ í Hornafirði, einn af merkustu brautryðjendum Nýalsstefnunnar, og áttum við langt samtal um málefni þessarar stefnu.

Öll þessi atvik báru mér að höndum á einum og sama degi, án sýnilegs samhengis. En flest atvik munu ekki gerast af einni saman ósjálfráðri tilviljun, þótt svo kunni oft að virðast. Einhver aðdragandi eða vitandi stefna og vilji mun þar stundum vera að verki, ef ákveðin vitsmunaöfl fá að hafa þar hönd í bagga.

Mér þykir ekki ólíklegt að þeir menn, sem ég átti tal við þennan dag, hafi með nokkrum hætti stillt mig til þess skýra draumasambands við einhvern íbúa annars hnattar, sem hér að framan var nokkuð af sagt.

Ingvar Agnarsson

(Dreymt 31. okt. 1979).

Draumur um hesta og óvænta hjálp

I.

Mig dreymdi, að ég væri á gangi einhversstaðar úti. Var þarna smáhæðótt landslag, grasivaxið.

Er draumurinn hafði staðið stutta stund, verður mér litið til hæða nokkurra framundan mér og sé hvar kemur hvítur hestur hlaupandi og bar hratt yfir. Þóttist ég þá skilja, að þessi hestur ætlaði að gera mér eitthvert mein og hugði ég til undankomu. Hægra megin við mig var ávalur hæðarrani, svo sem þriggja mannhæða hár, en ekki brattur. Hljóp ég þarna upp, ef verða mætti mér til einhverrar varnar. Kom nú hesturinn hvíti að hæðinni. Var hann stór og fallegur, og eins og stæði af honum einhver ljómi. Hann staðnæmdist andartak við hæðina og er hann sá að ég var kominn upp á hana, snéri hann við og hljóp meðfram henni og fyrir enda hennar og kom svo að henni hinum megin, gegnt því, þar sem ég stóð. Var hún þar ekki eins brött, og sá ég fram á, að hann gæti hlaupið þar upp. Mér stóð mikill ótti af honum, og þóttist ég vita, að hann ætlaði að troða mig undir fótum sér. Hleyp ég þá niður af hæðinni, þangað sem ég

áður var, eins hratt og ég get. Sé ég nú hvar hesturinn hvíti er kominn upp á hæðina og stefnir niður brekkuna beint á mig. Þótti mér ég ekki eiga undankomu auðið.

En í þeim svifum verður mér litið upp í hæðirnar, þangað sem ég sá fyrst hvíta hestinn. Sé ég nú að þaðan kemur dökkur hestur, eða brúnn, fagurvaxinn eins og hinn og glæsilegur í öllu fasi. Þóttist ég strax skynja, að þessi brúni hestur væri kominn mér til bjargar, og varð ég ósegjanlega glaður við. Skipti nú engum togum, að þessi nýi hestur hljóp að hvíta hestinum, rétt áður en hann náði mér. Urðu nokkrar sviptingar milli hestanna, sem lauk með því, að þeir hlupu báðir á brott, hlið við hlið. Og sá ég þá hverfa út í fjarskann.

En ég stóð eftir, þakklátur og glaður yfir því, að mér hafði borist svo óvænt hjálp á síðustu stundu.

Vaknaði ég svo upp af þessum draumi, með sterka tilfinningu þess, að mér hefði verið bjargað á undursamlegan hátt, frá bráðum bana.

II.

Í mörgum, ef ekki allflestum draumum er nokkuð um rangþýðingar, þannig, að dreymandanum finnst hann sjá eitt og annað, sem hann hefur minningar um, úr vökulífi sínu. Svo var ekki í þessum draumi. Ekkert í draumnum minnti mig á neitt úr vökuvitund minni.

Draumgjafi minn hefur sennilega verið staddur á einhverri annarri jarðstjörnu, þar sem hugsamband milli lífveranna er nánara en hér, og þar sem enginn kemst fram með að gera öðrum mein, án þess að reynt sé að koma í veg fyrir það.

Hér var um dýr að ræða, hesta. Hefur annar þeirra, sá hvíti, haft í huga að gera draumgjafa mínum illt, en annar hestur, sá brúni hefur fjarskynjað þessa ætlan hans, og þá strax hafist handa um að koma í veg fyrir slíkt. Hefur fjarskynjun hans og góðvild ráðið gerðum hans, en einnig og ekki síst, hefur hann sennilega verið gæddur mun meira viti, en gerist með hestum jarðar okkar, og raunar mun svo hafa verið um báða þessa hesta. Fegurð þeirra og vit hygg ég, að framar hafi staðið, en þeirra hesta, sem við jarðarbúar þekkjum, en einnig góðvild og hjálpfýsi komu vel fram hjá öðrum þeirra. Eru það að vísu eiginleikar, sem talið er að okkar hestar búi yfir í allríkum mæli.

Vafalaust má telja, að dýralífið á sumum öðrum hnöttum, sé

mjög miklu þroskaðra að fegurð, góðleik og viti, en hér er hjá okkur. Kemur þetta og fram í sumum draumum okkar og mundi koma betur fram, ef draumsambönd væru einkum upp á við. Draumar okkar gætu þá orðið óþrjótandi uppspretta fróðleiks um lífið á öðrum hnöttum.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 15. janúar 1976).

Svif í draumi

I.

Gisti ég eina hásumarnótt inn á milli fjalla í fagurri sveit á Íslandi. Öll jörðin hafði klætt sig, fegursta skrúði sínu. Nóttin var björt. Vindar sváfu. Inn um gluggann barst lágvær niður vatna í fjarska. Við og við heyrðist kvak í einstaka fugli. Friður náttúrunnar umlukti mig á alla vegu og fyllti sálu mína fögnuði. Lengi stóð ég við gluggann og naut þess unaðar að vera til. En loks gekk ég til hvíldar og sofnaði. Og ekki leið á löngu þar til önnur vitund fór að verka á sofandi sálu mína, og ég fór að skynja annað umhverfi og annað fólk, sem lifði við aðrar aðstæður en hér gerast á okkar jörð. Vafalaust var þar um að ræða íbúa annars hnattar, eins og draumsagan mun leiða í ljós.

II.

Ég þóttist staddur vera undir berum himni, og var þarna hópur af glöðu fólki sem talaði og söng. Ég tók þátt í söng og tali þessa fólks. Og brátt kom þar, að ég fékk sterka löngun til að svífa. Ég lyftist frá jörðu og leið áfram allhátt yfir höfðum þeirra, sem þarna voru staddir. Fram og aftur fór ég í loftinu. Og ég fann, að mér óx geta til að svífa. Ég skynjaði hug allra viðstaddra til mín, og fann, að svifgeta mín byggðist á áhrifunum frá þessum hópi. Mið langaði til að fá einhvern til að taka þátt í þessu svífi mínu, og ég fór niður til fólksins. Þar sá ég unga stúlku og valdi ég hana sem svifnaut minn. Tók ég utan um hana og spyrnti

okkur frá jörðu. Fann ég, að þetta var mér næstum um megn, að halda okkur báðum á lofti, og sigum við aftur hægt niður á við, þrátt fyrir einbeitingu vilja míns. En þá fann ég eins og sterka orkubylgju leggja um mig, og ég vissi, að þessi orka stafaði af samstilltri hugareinbeitingu þeirra, er þarna voru staddir. Var mér nú ekki lengur orku vant. Stúlkan var mér nú ekki lengur byrði, heldur fór hún að svífa af eigin rammleik jafn léttilega og ég. Fórum við nú að leika ýmsar listir í loftinu. Ég held að við höfum hreyft okkur í líkingu við hinar svifléttu hreyfingar balletdansara, sem iðkaðar eru hér á jörð, og sem margir njóta ánægju af. Á sama hátt þóttist ég nú finna, að fólkið, sem þarna var samankomið, naut þess að horfa á hreyfingar okkar og svif í loftinu og einnig skynjaði ég að þetta fólk lagði okkur til þá orku, sem til þess þurfti, að geta svifið á þennan hátt. Héldum við áfram þessum svifdansi okkar enn um stund og fórum í ýmislega lagaða sveiga og hringi fram og aftur og ýmist hærra eða lægra, og ég naut í ríkum mæli þeirrar magnanar, er gagntók alla veru mína. Vaknaði ég svo frá draumi þessum og var ákaflega glaður.

III.

Draumar eru slíkur þáttur í lífstilveru hvers manns. Í svefni fáum við þá magnan, er dugur okkur til lífs. Og draumar munu stuðla að enn frekari lífmagnan okkur til handa. Í draumi fáum við líf- og vitundarsamband við fjarlæga draumgjafa, svo náíð, að okkur finst við sjálf vera þessi maður sem sambandið er við. Hans hugsun verður okkar hugsun, hans athafnir okkar athafnir. Sú magnan sem honum veitist verður að nokkru okkar magnan, ef sambandið er upp á við, eins og vera mun um ofansagðan draum.

En svo er aftur á hinn veginn, ef draumsambönd eru niður á við, þar sem afmögnun draumgjafans á sér stað. Þá er það oft, sem draumþeginn hér afmagnast, og kannast margir við slíka draumreynslu.

Þegar draumsambandið er upp á við, verður draumgjafinn okkur stillir til æðri orkusambanda, og njótum við þá meiri draum- og svefnmagnanar en ella. Góðir draumar eru því undirstaða andlegrar og líkamlegrar heilsu og lífsþróttar meir en enn er almennt vitað og viðurkennt.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 8. júlí 1978).

Öðlast dýr líf eftir jarðvist sína? — Draumur

Þriðjudaginn 1. ágúst 1978, dreymdi mig draum þennan.

Mér þótti ég stödd austur á Borgarfirði í gömlu baðstofunni okkar í Geitavík, þar sem ég var fædd og uppalin, stend við austurgluggann og horfi út. Veður var hið besta, sólskin og blíða. Sé ég þá, að Emil, bróðir minn, sem þá var látinn fyrir fjórum árum, kemur út hlaðið með hest í taumi. Þegar hann lést var hann orðinn óþekktanlegur af veikindum, aðeins á 68 aldursári. Nú sýnist mér hann í draumnum vera ungur og laglegur, og liggur ákaflega vel á honum, vel klæddur og léttur í spori. Hesturinn sem hann teymdi var rauð hryssa sem við áttum, og var hún undir burði. Ég sé þau svo hverfa inn um bæjardyrnar. Rauðka þótti enginn gæðingur, enda lítið tamin, en afburða sterk og góð til áburðar. Stundum var hún smábrellin, eins og hún vildi ráða sér sjálf, og var þá náttúrlega ekki okkur að skapi.

Ég hefi skrifað þetta vegna þess, að því er sumstaðar haldið fram að sum dýr lifi áfram eftir sína jarðvist, og fari það eftir þroska þeirra. Um þetta hefur verið spurt á sambandsfundum hjá Nýalssinum og fengist jákvæð svör við því. Kvöldið áður hafði ég setið sambandsfund með Nýalssinum að Álfrólsvogi 121.

Svava Jónsdóttir.

Draumur um málverkasýningu

Mig dreymdi að ég væri einhversstaðar úti, ásamt fleira fólki. Þykir mér þá ungur maður koma til mín og segja: „Þú ættir að fara á rússnesku málverkasýninguna, því þar er eitt málverk eftir þig.“ Ég þóttist segja: „Þetta getur ekki verið. Ég hef ekkert málverk látið þangað.“ En jafnframt þóttist ég vita, að ég væri málari og væru sem málverk mín á ýmsum söfnum og sýningum.

Mér þótti hin umtalaða rússneska málverkasýning vera í stórri byggingu, ekki allfjarri. Lagði ég leið mína þangað, og gekk inn í sal, geysilega víðan og háan. Voru þar málverk um alla vegg,

og svo stór flest, að varla hef ég séð önnur eins. Staðnæmdist ég innan við dyr salurinn, og reyndi að gera mér grein fyrir því, sem þarna var að sjá.

Ef ég ætti að giska á hæð myndanna, gæti ég trúað, að þær stærstu hefðu verið um 5 metrar á hæð og um 12—15 metrar á breidd, en þær minnstu varla minni en svo sem 2x4 metrar. Allar voru myndirnar málaðar í sterkum litum með grófum dráttum. Mest bar á bláum lit í ýmsum litbrigðum, en aðrir litir voru einnig áberandi t. d. skærgulur, grænn o. fl. Ekki voru þetta óhlutkenndar myndir og mátti vel sjá á þeim hús, fjöll, skip o. fl. Sérstaka athygli vakti mér stór mynd af skipi, málað mjög grófum dráttum. Horfði ég á hana um stund, en gekk svo að henni, og strauk fingrum um hana neðantil, til þess að skynja betur áferð litanna, og skilja þá aðferð sem malarinn hefði beitt við að gera hana. Fann ég, að víða var málningunni smurt þykkt á flötinn, en hafði svo sumsstaðar verið skafin af með hníf eða sköfu. Gulum og bláum lit var þarna mjög blandað saman, sitt á hvað. — Einnig fann ég, að myndirnar voru allar málaðar á spjöld úr hörðu sléttu efni, eins og hertu plasti. En allar voru þær í einhverskonar ramma eða umgjörð með dökkum litum.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 11. apríl 1977).

Draumur um mosavaxið dalverpi

I.

Ég lá í rúmi mínu og svaf, en þó var eins og ég væri ekki sofandi, heldur glaðvakandi, því samband hafði ég fengið við einhvern fjarlægann mann, vakandi, og ég lifði hans lífi, en ekki mínu. Hans tilfinningar, hugsanir og athafnir urðu mínar. Eða e. t. v. væri réttara að segja: Mitt eigið líf hvarf, en allt sem hann reyndi og lifði, barst sofandi vitund minni, svo að mér fannst ég vera þessi framandi maður. Og mun ég nú segja draumsöguna, eins og þessi draumgjafi minn hefði sagt hana einhverjum vini sínum síðar:

II.

Ég var í fylgd með tveim fullorðnum, stórum mönnum. Eða svo fannst mér, því að ég var þeim miklu minni. Ég vissi, að ég var aðeins unglingur. — Við gengum inn í dalverpi nokkurt, og var dalbotninn þröngur, og hlíðarnar sitt hvoru megin aðlíðandi og ekki brattar. Þetta var slétt landslag en ekki úfið. Allt var landið þarna þakið þéttum mosagróðri, ekkert gras, ekkert blóm, og jarðvegur virtist vera mjög grunnur, en þó sást hvergi á stein.

Mér þótti mennirnir tveir, fylgjunautar mínir, vera að koma úr einhverskonar bardaga, þar sem þeir hefðu átt hendur sínar að verja. Þótti mér þeir vera aðframkomnir af þreytu. Mér þótti þeir hafa leitað skjóls inn í þennan dal undan andstæðingum sínum, og taldi ég alveg víst, að hér væru þeir alveg öruggir, hér myndu þeir ekki finnast.

Er við gengum inn eftir dalbotninum, tók ég eftir því að á víð og dreif lágu mosahrúgur. Skildi ég, að þetta væru næturból einhverra, sem einhverntíma hefðu leitað hér gríðastaðar. Hefðu þeir notað mosahrúgurnar, til að skýla sér fyrir næturkulda.

Við komum nú að tveim mosabeðjum allstórum og lögðust mennirnir tveir niður hjá þeim og rótuðu mosanum yfir sig, svo að hvergi sá í þá. Þótti mér sem þetta yrði þeim góð vörn fyrir kulda.

Ég litaðist um og gekk að næstu mosahrúgu, og vildi búa þar um mig á sama hátt. En þetta reyndust þá bara vera litlar dreifar af mosa, sem alls ekki mundu nægja til að skýla mér. Ég fór því að róta í mosanum í kring, lifandi mosa, sem óx þarna, en hann var þá svo smáfaxinn og þunnur, að ég sá fram á, að litlu sem engu gæti ég safnað af honum þarna.

Ég kallaði því til hinna mannanna: „Ég finn engan mosa hér til að breiða ofan á mig.“ — Mennirnir risu þá upp úr bólum sínum og fóru að leita með mér að mosa og safna honum saman. Tókst okkur, með talsverðri fyrirhöfn að safna saman mosa í dálitla hrúgu. Að því loknu fóru þeir aftur hver í sitt ból og breiddu ofan á sig mosann eins og áður, og bjuggust til svefns.

Ég lagðist niður hjá minni hrúgu, og þótt hún væri með minnsta móti, tókst mér að hylja mig nokkurnveginn með þessum smágerða mosa, og bjóst til að sofa eins og hinir.

Ég horfði á dalbotninn og brekkuna á móti. Allt var grænbrúnt. Og birtan var álíka og er á skýjuðum degi. Mér fannst hér vera

friðsæll staður, og ég var viss um, að hér værum við allir óhultir fyrir óvinum. Draumurinn varð ekki lengri.

III.

Í draumnum kom ekki fram, á hvern hátt drengurinn var tengdur þessum tveim stóru mönnum. En umönnun þeirra fyrir honum sýnir, að þeir hafa viljað veita honum vernd.

Á landi okkar vex mikið af mosa, einkum í hraunum. En ekki hef ég séð svo snöggvaxinn, smágerðan mosa, í stórum breiðum, eins og hér var um að ræða. Þessi mosi í draumnum var nokkuð þurr eða hrjúfur viðkomu. Og ég vil ekki fullyrða, að þetta hafi verið sama tegund jurta og mosinn hér, en þó var þessi gróður ákaflega líkur mosa, að flestu leyti.

Engar rangþýðingar voru í draumi þessum og alls engar minningar komu fram úr vökulífi mínu.

Ingvar Agnarsson.

1. febrúar 1977. Hábraut 4.

ASTROBIOLOGY

eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrrsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lífaflfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtíðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI

eftir K. O. SCHMIDT (1904—1977), víðkunnan sjáanda með þýzkri þjóð. — Þýðandi: Þorsteinn Guðjónsson.
Kaflar úr frásögn hans hafa birst í *Lífgeislum*, og nú er hún öll til í bókarformi.

EFNI:

Hvernig þessi frásögn varð til
Úr órafjarska
Magnar
Í hringrás áramilljónanna
Heili hnattageimsins
Ríki stjarnheima
Satjar
Hamingja fullvissunnar
Eftirmáli þýðanda (Þ. G.)

Kaupið þetta einstæða vitranarit, sem lýsir því, hvernig æðri vitund skynjar óravíddir alheimsins. Höfundurinn náði samskynjun við hina æðri vitund.

VERÐ KR. 2500,00.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN,
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnu-
sambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, símar 40765, 41006.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Smástirnið Íkarus (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls. 146
Minni dauði Halldór Pjeturss.	— 147
Fyrirlestur stjörnufræðings P. G.	— 150
Draumar og fjargeislan I. A.	— 152
Frá jörð til jarðar P. G.	— 154
Sambandsviðtal við Á. Ó. S. Jóh.	— 155
Yfir Hraundranga P. J.	— 156
Hugsana-afsvæði umlykur jörðina A. R. W. og P. G.	— 157
Lífstefnuviðburður P. G.	— 158
Draumar í heimsfréttum P. G.	— 160
Hafning hinnar lágu veru I. A.	— 161
Forganga íslenskrar þjóðar í lífsambandsmálum I. A.	— 162
Prestur skírir huldufólksbarn Sk. H.	— 163
Leit að hrossum Sigr. J.	— 165

LJÓÐ:

Nýall Stephan G. Stephansson	— 167
-----------------------------------	-------

DRAUMAR:

Halastjörnurnar þrjár. — Draumur I. A. (með mynd)	— 168
Draumur um hesta og óvænta hjálp I. A.	— 170
Svif í draumi I. A.	— 172
Öðlast dýr líf eftir jarðvist sína? — Draumur Sv. J.	— 174
Draumur um málverkasýningu I. A.	— 174
Draumur um mosavaxið dalverpi I. A.	— 175

Til lesenda	— 166
------------------	-------

MYR:

Úr ljóðum Jóns Þorkelssonar, forna	— 153
Astrobiology (Auglýsing)	— 178
Guðirnir á Síríusi (Auglýsing)	— 179